

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-23/2016:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess aðallega að álitsbeiðandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð kr. 200.000, en til vara að kaupunum verði rift og að seljandi greiði þar að auki skaðabætur.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 7. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 21. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 8. september, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 29. janúar 2016 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 2.350.000. Var hluti af kaupverðinu greiddur með peningum, en hluti með bifreiðinni zz-000. Bifreiðin xx-000 var af gerðinni Jeep Grand Cherokee, fyrst skráð 1. mars 2006 og hafði á kaupdegi verið ekið 110.000 km. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi ABS ljós í mælaborði bifreiðarinnar logaði. Hafi hann því látið setja inn ákvæði í kaupsamning aðila um að ef ljósið logaði af öðrum og meiri ástæðum en biluðum skynjara, ætti seljandi að greiða fyrir viðgerð vegna þess, ella yrði kaupunum rift. Í ljós kom að ljósið logaði ekki vegna bilaðs skynjara, og þurfti álitsbeiðandi að greiða kr. 355.164 í viðgerð á bremsubúnaði bifreiðarinnar. Krefst álitsbeiðandi þess aðallega að seljandi greiði sér kr. 200.000 vegna viðgerðarinnar, en til vara að kaupunum verði rift og seljandi greiði viðgerðarkostnað að fullu. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af smurbók bifreiðarinnar, afrit af reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni og afrit úr ökutækjaskrá

#### IV

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Álitsbeiðni í þessu máli verður skilin sem svo að álitsbeiðandi telji að bifreiðin xx-000, sem hann keypti af seljanda sé haldin galla, þar sem ABS ljós sem logaði í mælaborði

hennar fyrir kaupin, reyndist loga vegna þess að bremsubúnaður var bilaður, en ekki vegna þess að skynjari var bilaður.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 29. janúar 2016, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsskiptanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Í kaupsamningi og afsali vegna kaupanna er að finna svohljóðandi ákvæði sem tekur á umræddu atriði: „Kaupandi veit af því að ABS-ljós logar í mælaborði og mun kaupandi taka það á sig þar sem gert er ráð fyrir að einungis þurfi að skipta um skynjara, en sé viðgerðin viðameiri en gert hefur verið ráð fyrir, skal seljandi taka þátt í henni, eða kaup gangi til baka.“ Verður ekki annað séð en að seljandi sé bundinn af þessu samningsákvæði og mátti kaupandi búast við því að seljandi tæki þátt í kostnaði vegna viðgerða sem tengdust ABS ljósi, reyndist bilunin vera önnur og meiri í skynjara. Það er því álit kærunefndarinnar að bifreiðin hafi verið haldin galla að þessu leyti í skilningi 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsskiptandi hefur í máli þessu aðallega krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 200.000. Kröfu sinni til stuðnings og sönnunar hefur álitsskiptandi framvísað reikningi vegna viðgerða á bremsubúnaði bifreiðarinnar, að fjárhæð kr. 355.164. Telur kærunefndin því rétt að fallast á bótakröfu álitsskiptanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

V

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 200.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson